

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um fæðingarhúsið á Vestmannaeyjum.

1869.
20. maí.

Útaf bænarsskrá, sem stiptamtinu hafði borizt frá Þorsteini Jónssyni, héraðslækni á Vestmannaeyjum, þar sem hann sækir um, að sér verði útvegað leyfi til að kaupa húsrúm það, sem þar er, og byggt var áður fyrri við hús Markússens snikkara og konu hans Solveigar Markússen, yfirsetukonu, og notað var fyrir fæðingarhús, hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá í bréfi dagsettu 17. nóvembermán. f. á., að þaræð búið sè að taka fæðingarhús þetta af, eptir að hætt hafði verið að nota það fyrst um sinn samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. júlímán. 1858, og þaræð nú má ætla, að barnaveikindi þau, sem voru aðal-tilefnið til að fæðingarhúsið var stofnað, ginklofinn, sè nú hætt, og þaræð loksins aðal-skilyrðið fyrir því, að húsrúmið yrði notað sem fæðingarhús, var það, að Solveig Markússen, yfirsetukona, hèldi áfram að vera eigandi að húsi því, sem fæðingarhúsið er byggt við, en hún nú er flutt búferlum til Reykjavíkur, og ætlar sèr að selja sinn hluta af húsinu, þá sè að yðar hyggju engin ástæða til þess, að sveitarfélagið á Vestmannaeyjum, er menn eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, verða að álíta, að sè eigandi að þessum viðbæti við hús Solveigar, verði að láta fæðingarhúsið, sem var, standa óhaggað, til þess að það seinna meir geti orðið notað til sama áforms. Af þessum ástæðum hafið þér því lagt fram með, að sveitarstjórninni verði leyft að selja hús þetta og öll áhöld, sem því fylgja, með þeim kjörum, sem sveitinni eru mest í hag, og sem ætti að fela fátækraneftdinni á hendur að ákveða með samþykki stiptamtsins.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum hefir ekki neitt á móti uppástungum yðar.